

Rekstrarstjórn Nausts

Fundargerð 10. fundar rekstrarstjórnar Dvalarheimilisins Nausts haldinn mánudaginn 10. maí 2021, kl. 12 að Fjarðarvegi 3.

Mætt: Kristín Kristjánsdóttir, Sigurður Þ. Guðmundsson, Jónas Egilsson sveitarstjóri, Karítas Ósk Vignisdóttir, Herdís Eik Gunnarsdóttir rekstrarstjóri og Jóhann Hafberg Jónasson rekstrarstjóri og formaður rekstrarstjórnar, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá og fundargerð

1. Niðurstaða rekstrar undangenginna ára og bókun byggðaráðs

Farið var yfir rekstur Nausts tímabilið 2016-2020. Einnig lögð fram bókun á 39. fundi byggðaráðs frá 29. apríl sl., en þar segir: „Vegna fjárhagsstöðu Nausts samþykkir byggðarráð að óska eftir úttekt utanaðkomandi aðila á rekstri Nausts og koma með tillögur til úrbóta. Viðkomandi vinni með forráðamönnum Nausts að þessari úttekt.“

2. Önnur mál

Stytting vinnuviku hefur í för með sér nokkra óvissu fyrir starfsfólk, en almennt gengur innleiðing styttingar vel.

Sumarráðningar ganga vel.

Covid ráðstafanir eiga enn við, þó farið sé að slaka á ýmsum aðgerðum. Ekki búið að bólusetja allt starfsfólk.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:35.